

Aðalfundur Fálkaseturs Íslands

fundargerð

Aðalfundur Fálkaseturs Íslands var haldinn föstudaginn 30. mars 2012 og hófst hann kl. 20:00. Fundurinn var haldinn í Gljúfrastofu á Norðursvæði Vatnajökulspjóðgarðs. Mættir voru Hjörleifur Finnson, Aðalsteinn Snæþórsson, Halldór Valdimarsson, Guðlaugur Aðalsteinsson og Ari Páll Pálsson.

1. Setning, kosning fundarstjórna

Hjörleifur setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Hann lagði fram tillögu um að Ari Páll yrði fundarstjóri. Tillagan var samþykkt.

2. Skýrsla stjórnar

Hjörleifur formaður flutti skýrslu stjórnar. Haldnir voru 6 stjórnafundir á árinu og fór mikil vinna í það í upphafi að afla styrkja til starfsins. Tekin var sú stefna í upphafi að koma upp vandaðri heimasíðu með fróðleik um fálkann, rjúpuna og Theodór frá Bjarmalandi en Fálkasetrið er tengt minningu hans. Sótt var um styrki til ýmissa aðila til verksins og tókst að afla fjár til að ýta síðunni úr vör. Gerður var samningur við vefsíðufyrirtækið Blokkina um tæknilega útfærslu og við Náttúrstofu Norðausturlands um efnistösk og vinnu í samráði við ritstjórn sem stjórnin skipaði. Í henni eru Hjörleifur, Sverrir og Halldór.

Eftirtaldir aðilar veittu félaginu styrki á árinu:

- | | | |
|--|-----|-----------|
| • Samtök um náttúrvernd á Norðurlandi (SUNN) | kr. | 200.000 |
| • Frjáls framlög | kr. | 15.000 |
| • Vinir Vatnajökuls | kr. | 1.400.000 |
| • KEA - til kaupa á fjarsjá | kr. | 150.000 |

Starfsmenn Náttúrstofunnar þau Sigprúður Stella Jóhannsdóttir og Aðalsteinn Snæþórsson unnu að efnisöflun og uppsetningu vefsíðunnar í nánú samráði við starfsmenn Blokkarinnar þá Arngrím og Hróbjart. Sigprúður Stella stýrði verkinu í samráði við ritstjórnina. Búið er að hanna lógó sem stjórnarmenn eru ánægðir með.

Ef ekki tekst að afla frekari styrkja þarf fljótlega að stöðva vinnu við síðuna en vel hefur verið staðið að verkinu fram að þessu og er vefsíðan í vinnslu og verður reynt að ljúka fyrsta áfanga við hana á næstunni. Stefnt er að opnun síðunnar við hátíðlega athöfn í maí.

Aðalsteinn annaðist kaup á fjarsjá fyrir félagið en KEA veitti styrk til kaupanna. Samþykktar voru reglur um notkun sjárinna sem verður geymd í Gljúfrastofu.

Fundarmenn voru sammála um það að fyrsta starfsárið lofaði góðu en mesta vinnan framundan væri að afla styrkja.

3. Reikningar

Skoðunarmenn hafa áritað reikninga félagsins og kynnti Aðalsteinn þá í fjarveru Sverris gjaldkera sem átti ekki heimangengt á fundinn. Reikningarnir voru samþykktir samhljóða.

5. Kosning stjórnar

Borin var upp tillaga að óbreyttri stjórn. Hjörleifur Finnsson formaður, Aðalsteinn Snæþórsson varaformaður, Sverrir Thorstensen gjaldkeri, Halldór Valdimarsson ritari, Guðlaugur Aðalsteinsson meðstjórnandi. Varamenn Ari Páll Pálsson, Ólafur K. Nielsen, Sólveig Sigurðardóttir. Skoðunarmenn reikninga Helga Árnadóttir og Katrín Eymundsdóttir. Tillagan var samþykkt samhljóða.

4. Önnur mál

Félagið stendur að vikulegu kvöldrölti á fálkaslóðir í Ásbyrgi undir leiðsögn landvarða næsta sumar í samstarfi við Vatnajökulspjóðgarð í Jökulsárgljúfrum. Aðalsteinn og Sverrir f.h. félagsins munu undirbúa og þjálfa landverði sem annast fræðsluna í vor. Einnig verður farin ein lengri ferð 23. júní að skoða fálkaunga. Sótt verður um sérstakt leyfi fyrir því til umhverfisráðuneytisins.

Stefnt er að því að halda fræðslufund á vegum félagsins í Gljúfrastofu næsta haust. Þar verði flutt erindi um fálkann, rjúpuna og Theodór frá Bjarmalandi.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

Halldór Valdimarsson ritari